

**415. fundur fræðslunefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. apríl 2020 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Hafdís Gunnarsdóttir formaður, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fjarfundur fræðslunefndar með starfsmönnum skólasviðs í gegnum Zoom.

**Dagskrá:**

**1. COVID-19 2020 - 2020030086**

Kynnt hver staðan er í leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar í ljósi Covid-19.

*Lögð var fram eftirfarandi bókun fræðslunefndar: Fulltrúar í fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar vilja þakka skólastjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki leik- og grunnskóla sveitarfélagsins fyrir metnaðarfullt og óeigingjarnt starf í þeim erfiðu aðstæðum sem upp eru komnar í sveitarfélaginu. Það er eftirtektavert hversu fumlaut gengið hefur verið til verks við að halda úti skólastarfi á sem farsælastan hátt fyrir nemendur og foreldra. Við vitum að á þessum tíma sem óvissan er ríkjandi er krefjandi að halda uppi skipulögðu starfi og markvissu námi. Allt starfsfólk skóla sveitarfélagsins hefur lagst á eitt við að skapa samfellu í námi og leik barnanna auk þess að gæta fyllsta öryggis og starfa eftir þeim fyrirmælum sem komið hafa frá Almannavörnum.*

*Við sendum ykkur okkar bestu kveðjur inn í páskana.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:45**

---

Hafdís Gunnarsdóttir

---

Kristján Þór Kristjánsson

---

Jónas Þór Birgisson

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

---

Guðrún Birgisdóttir

---

Stefanía Helga Ásmundsdóttir